

Lög Félags Myndlistaskólans í Reykjavík

1. gr. Félagið heitir Félag Myndlistaskólans í Reykjavík og er heimili þess og varnarþing í Reykjavík. Markmið félagsins er að vera kennurum og stjórn Myndlistaskólans í Reykjavík, sjálfseignarstofnunar, faglegur bakhjarl og vettvangur umræðu um starf skólans með vísan til markmiða sjálfseignarstofnunarinnar sem koma fram í 3. grein samþykktar hennar.
2. gr. Félagsmenn geta þeir orðið sem vilja taka virkan þátt í markmiðum félagsins, enda sé meirihluti aðalfundar samþykkur inngöngu þeirra. Heiðursfélaga má tilnefna á almennum fundi, ef enginn greiðir atkvæði gegn kjöri hans. Ef einhver félagi er óvirkur, mætir ekki á fundi og tekur á annan hátt ekki þátt í störfum félagsins í þrjú ár er heimilt að strika hann út af félagaskrá.
3. gr. Stjórn félagsins skipa 5 menn sem kosnir skulu á aðalfundi félagsins ár hvert. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Á aðalfundi skal jafnframt kjósa 2 menn í varastjórn og 2 skoðunarmenn reikninga.
4. gr. Fundargerðir skulu bókaðar á fundi og undirritaðar af öllum viðstöddum fundarmönnum.
5. gr. Reikningsár félagsins er frá 1. júlí til 30. júní. Aðalfund skal halda síðari hluta árs að lokinni endurskoðun reikninga. Aðalfund skal boða með bréfi eða tölvupósti til félagsmanna með minnst viku fyrirvara og er fundurinn lögmetur ef löglega er til hans boðað.
6. gr. Dagskrá aðalfundar skal vera þannig:
 1. Skýrsla skólastjóra og framkvæmdastjóra Myndlistaskólans í Reykjavík ses yfir liðið starfsár.
 2. Fjármálastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík ses. gerir grein fyrir endurskoðuðum reikningum sjálfseignarstofnunarinnar.
 3. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga Félags Myndlistaskólans í Reykjavík samkvæmt 3. gr. félagslaga.
 4. Kosning stjórnar Myndlistaskólans í Reykjavík ses. samkvæmt 7. gr. skipulagsskrár sjálfseignastofnunarinnar.
 5. Lagabreytingar.
 6. Önnur mál.
7. gr.: Stjórn félagsins skal fylgjast með rekstri Myndlistaskólans í Reykjavík svo sem heimilað er í 7. gr. skipulagsskrár sjálfseignastofnunarinnar. Stjórn félagsins skal jafnframt fjalla um og taka afstöðu til tillögu stjórnar sjálfseignarstofnunarinnar um ráðningu skólastjóra.
8. gr. Lögum þessum má breyta á aðalfundi og þarf atkvæði 3/4 fundarmanna til þess.